

Fundargerð.

Stjórnarfundur nr. 80.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík fimmtudaginn 8. september kl 13:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson og Jón Sigurðsson en Ólöf Jósepsdóttir boðaði forföll. Einnig sátu fundin Margeir Friðriksson og Fannar Viggósson.

Dagskrá

1. Skoðun framkvæmda.
2. Erindi frá Ístak um að stækka verkið.
3. Fjármögnun framkvæmda.
4. Rekstur, staða og horfur
5. Önnur mál.

1. Skoðun framkvæmda

Farinn var skoðunarferð um urðunnarsvæðið og framkvæmdir við stækkun urðunnarhólfsins skoðaðar. Verkið gengur vel og er heldur á undan áætlun en fyrir liggja fundargerðir þriggja verkfunda en Magnús situr þá fyrir hönd stjórnar.

2. Erindi frá Ístak um að stækka verkið.

Fyrir liggur tilboð frá Ístak um að bæta við núverandi verk stækkun á urðunnarhólfinu , stækkun sem ekki stóð til að fara í núna og ekki þarf að nota fyrir en eftir ca. 10 ár. Ákveðið að taka ekki tilboðinu og halda sig við þá áætlun sem lagt var upp með.

3. Fjármögnun framkvæmda

Fyrir liggur samþykki aðalfundar Norðurá þann 19. maí 2016 þar sem samþykkt var að taka allt að 250 milljón króna lán til að fjármagna framkvæmdirnar.

Stjórn Norðurár bs samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 250.000.000 kr. til allt að 8 ára, í samræmi við samþykta skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Lánið er tekið til að fjármagna stækkun urðunarstaðar félagsins.

Stjórnin veitir Margeiri Friðrikssyni kt. 151060-3239, fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Norðurár bs að undirrita lánssamning við Lánasjód sveitarfélaga f.h. Norðurár bs sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Lánasjóður sveitarfélaga hefur samþykkt að veita lánið skv. lánasamningi sem lá fyrir fundinum en gerir kröfu um einfalda óskipta ábyrgðir allra eigenda sem eru;

Sveitarfélagið Skagafjörður.....	64,8%
Akrahreppur	3,45%
Blönduósbær.....	14,27%
Sveitarfélagið Skagaströnd.....	8,52%
Húnavatnshreppur.....	7,34%
Skagabyggð.....	1,62%,

Samþykkt að leita til aðildarsveitarfélaganna um ábyrgð og óska eftir sérstakri bókun þeirra um tryggingar á láninu sbr. texta sem lá fyrir fundinum.

4. Rekstur, staða og horfur

Margeir lagði fram rekstaryfirlit frá 1. jan til 31. júlí og rekstaráætlun til þriggja ára. Jafnframt lagði Fannar fram yfirlit um urðað sorpmagn fram til dagsins í dag. Reksturinn er í góðu jafnvægi og fylgir áætlun en sorpmagnið virðist ætla að verða meir í ár en á síðasta ár en það er eins og gert var ráð fyrir af Gunnari Svavarssyni hjá Verkfræðistofunni Eflu. Rætt um gjaldskrá, en ekki er talinn þörf á breytingum en hugsanlega þarf að taka inn flokka sem ekki eru í gjaldskrá í dag. Fannari falið að gera tillögu að breytingu.

5. Önnur mál

Rætt um þá gassöfnun eða eyðingu sem gerð er krafa um í starfsleyfi en í upphafi næsta árs þurfa að liggja fyrir áætlanir um eyðingu. Ákveðið að fara í skoðunar- og kynnisferð til annarra urðunarstaða á Íslandi til að kanna betur hugsanlega nýtingamöguleika á gasinu og ræða ýmislegt sem snýr að sorpförgun og þá ekki síst sláturúrgangi.

Fundi slitið kl. 15:15

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Jón Sigurðsson